

Ed.

305. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóvember 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1937.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í rikissjóð til ársloka 1937.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í rikissjóð til ársloka 1937.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1937.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.–8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1937.
6. Framkvæmd C-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1937.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1937 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júlí 1933, um breytingu á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á mótí ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1937.
8. Á árinu 1937 leggur rikissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1937 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um lækni-heraða- og prestakallasjóði.
10. Á árinu 1937 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr rikissjóði til verkfærakaupa, samanber lög nr. 40 7. maí 1928 og lög nr. 79 19. júní 1933, en 60000.00 kr. Landbúnaðarráðherra setur reglur um skipting verkfærakaupastyrks, að fengnum tillögum búnaðarfélags Íslands.
12. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr rikissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32 8. sept. 1931, en 56000 kr. Landbúnaðarráðherra á-

kveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.

13. Á árinu 1937 má ekki verja úr rikissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
14. Á árinu 1937 leggur rikissjóður ekki fram fé til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
15. Á árinu 1937 greiðir rikissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr bérudum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
16. Árið 1937 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við rikisskólana eða skóla, er njóta rikisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1937.